

Skýrsla formanns

Ágætu félagar.

Árið 2021 litaðist mikið af Covid-19 faraldrinum eins og árið á undan. Þess sjást merki í allri starfsemi Sjálfsbjargar félags fatlaðra á Akureyri og nágrenni.

Á árinu 2021 fækkaði lítilega í félaginu okkar. Í upphafi árs voru félagsmenn 140, á árinu gengu 3 einstaklingar til liðs við félagið og 3 gengu út. 5 félagsmenn féllu frá á áinu. Félagsmenn voru því 135 í árslok.

Félagsstarf var með allra minnsta móti árið 2021 af völdum covid-19 faraldursins. Hefðbundið félagsstarf féll að mestu niður á árinu vegna hans. Það var til að mynda ekki farið í hina árlegu haustferð félagsins annað árið í röð og ekki var haldið jólaball. Það tókst þó að halda jólahlaðboði starfsfólks og stjórnar ásamt mökum. Hlaðboðið var haldið á Vitanum og tókst mjög vel fyrir utan að sumum þótti full kalt í veislusalnum.

Útleiga á Furuholti, sumarhúsi félagsins gekk ágætlega. Flestar vikur frá maí til september voru leigðar út til félagsfólks auk þess var nokkuð góð nýting á húsinu á helgum bæði um vorið og haustið.

Á árinu voru afgreiðslur móttökuritarara og afgreiðsla aðstoðarfólks þjálfara sameinaðar, við þessa sameiningu skapaðist mikið hagræði bæði hvað varðar vinnuumhverfi og peningalegan sparnað.

Eins og fram kemur í ársreikningi félagsins var rekstur félagsins þungur árið 2021. Tap félagsins var 7 milljónir á árinu. Skýringin á þessu er margþætt en skýrist að nokkru leiti af covid-19 en árið var mjög lituð af ástandinu. Lítið var um hóppjálfun og margir af okkar skjólstæðingum hafa ekki treyst sér til að koma í þjálfun vegna hræðslu við smit, því var mikið um afboðanir í þjálfun.

Félagið hefur lent í miklum hremmingum hvað varðar starfsmannhald, Á árinu hafa tveir sjúkraþjálfarar verið mikið frá vegna langvarandi veikinda auk þess sem einn þjálfari tók sér ársleyfi frá störfum. Þetta bætist við þann mönnunarvanda sem var byrjaður að plaga okkur árið 2020.

Svanhildur Arna Óskarsdóttir sjúkraþjálfari tók til starfa á árinu og var það kærkomin viðbót í hópinn okkar á Bjargi. Eva Sigurjónsdóttir og Elín Rún Byrgisdóttir komu aftur til starfa á árinu eftir fæðingarorlof. Í febrúar 2022 byrjaði Sigurlaug Hanna Hafliðadóttir hjá okkur eftir langt hlé, hún vinnur hjá okkur tvo daga í viku. Nú á vordögum 2022 hefur verið skrifað undir tvo ráðningarsamninga sjúkraþjálfara, um er að ræða tvo unga menn sem munu taka til starfa í sumar.

Þegar félagið hefur fengið þessa nýju þjálfara til starf og einnig þá sem hafa verið frá vinnu af ýmsum ástæðum verður starfsemin hér um bil fullmönnuð. Það er því ástæða til að líta björtum augum til framtíðar.

Á starfsárinu 2021 var samþykkt að fara í framkvæmdir við planið fyrir framan innganginn á Bjargi. Til stendur að stækka snjóþæðslukerfið í planinu og laga þann halla sem er á bílastæðunum. Þetta mun bæta aðgengi fólks í hjólastólum til muna. Einnig verður farið í að setja ný gólfefni á meðferðarklefana í sjúkraþjálfuninni. Þessar framkvæmdir munu fara fram í sumar.

Að lokum færi ég stjórn Sjálfsbjargar félags fatlaðra á Akureyri og nágrenni, starfsfólki og félagsfólki öllu þakklæti mitt fyrir samstarfið á árinu.

Herdís Ingvadóttir

formaður